

Þróun sjálfbærrar skotveiðitengdrar ferðaþjónustu

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir

Rannsóknamiðstöð ferðamála og RHA- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri

Útdráttur

Skotveiðitengd ferðaþjónusta er ný vaxtargrein í ferðaþjónustu hér á landi. Mikilvægt er fyrir áframhaldandi vöxt greinarinnar að veiðarnar séu skipulagðar með sjálfbærni í huga þar sem villtir dýrastofnar eru takmörkuð auðlind sem endurnýjar sig svo framarlega sem ekki er gengið of nærri stofnunum.

Sjálfbærni snýst um að mæta þörfum okkar án þess að stefna í hættu möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum. Skotveiðitengd ferðaþjónusta er mannaflafrek atvinnugrein og er til þess fallin að auka fjölbreytni í atvinnulífi í dreifbýli. Í skotveiðitengdri ferðaþjónustu felast ýmis tækifæri bæði fyrir frumkvöðla sem og hinar dreifðu byggðir landsins.

North Hunt verkefnið hefur það að markmiði að efla starfsumhverfi frumkvöðla í atvinnugreininni og draga úr hindrunum sem mæta þeim án þess að minnka kröfur um sjálfbærni og umhverfisvænar veiðar. Í verkefninu er lögð er áhersla á félagslega, vistfræðilega og efnahagslega sjálfbærni. Verkefnið hefur hlotið styrk úr Norður-slóðaáætlun Evrópusambandsins og eru þátttökulönd í verkefninu fimm, Ísland, Svíþjóð, Finnland, Skotland og Kanada. Starfandi fyrirtæki í skotveiðitengdri ferðaþjónustu hafa töluverðan ávinning af því að taka þátt í verkefninu og geta þar með haft áhrif á þróun greinarinnar eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

Skotveiðar á Íslandi

Ein af auðlindum íslenskrar náttúru eru villtir dýrastofnar. Þessir dýrastofnar viðhalda sér í takt við náttúrulegar sveiflur svo framarlega sem gætt er hófsamlegra og ábyrgra veiða á þeim. Hér áður fyrr var nýting villibráðar mikilvægur þáttur í lífsbaráttunni en það hefur breyst. Nýting villibráðar er ekki lengur afgerandi fyrir lífsafkomu mannsins og hefur hann því ekki lengur þörf fyrir að afla matar á þennan hátt. Þrátt fyrir það er veiðihvötin enn hluti af eðli mannsins. Um nútímaveiðimanninn gilda þó aðrar leikreglur þar sem sjálfsbjargarþörfin fyrir að afla björg í bú með veiðum er ekki lengur til staðar. Egill J. Stardal lýsir því í bók sinni Byssur og skotfimi (2003) að nútímaveiðimaður gerir sér almennt ljóst að lífríki náttúrunnar á allt undir því komið að maðurinn beiti sér fyrir því að varðveita, ekki síður en að nýta, gæði náttúrunnar.

Þeir sem hyggjast stunda almennar skotveiðar hér á landi þurfa að vera handhafar skotvopnaleyfis og veiðikorts. Undanfarin ár hafa á bilinu 500 til 600 manns sótt námskeið sem veita rétt til þess að sækja um skotvopnaleyfi¹. Fjöldi þeirra sem hafa skotvopnaleyfi í dag eru rúmlega 20.000 og um það bil helmingur þeirra eru virkir veiðimenn (þ.e. sækja um veiðikort). Flestir íslenskir skotveiðimenn eru karlmenn á aldrinum 30-60 ára og tilheyra öllum þjóðfélagshópum. Undanfarin ár hefur fjöldi erlendra skotveiðimanna hér á landi verið u.þ.b. 80-100 manns á ári, eða um 1% virkra veiðimanna. Flestir þeirra hafa komið frá Bandaríkjunum, Kanada og Suður-

¹ Sjá upplýsingar á heimasíðu Umhverfisstofnunar – veiðistjórnun www.ust.is/veidistjornun.is

Evrópu (Hjördís Sigursteinsdóttir, Edward H. Huijbens, Áki Ármann Jónsson, Ólöf Harpa Jósefsdóttir og Emil Björnsson, 2007).

Með vaxandi fjölda skotveiðimanna er aukin hættu á ofnýtingu á takmörkuðum auðlindum. Þetta hefur ákveðin vandamál í för með sér og getur leitt til ofnotkunar og hnignunar á villtum dýrastofnum. Það er því mikilvægt fyrir alla sem koma að skotveiðum að veiðarnar séu byggðar á sjálfbærni og koma þannig í veg fyrir að gengið sé of nærri dýrastofnum og náttúrunni.

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar snýst um að *við mætum þörfum okkar án þess að stefna í hættu möguleikum komandi kynslóða á að mæta sínum þörfum*. Til þess að það sé mögulegt þarf þróun efnahagslífs, félagslegur jöfnuður og umhverfisvernd að fara saman ef tryggja á öllum íbúum jarðar og komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði (World Commission on Environment and Development, 1987).

Sjálfbær þróun er hugtak sem fyrst varð til vegna umræðu sem átti sér stað á níunda áratugnum um umhverfi og þróun. Sjálfbær þróun hefur verið skilgreind sem þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum (Umhverfissráðuneytið, 2002). Í þessu felast tvö lykilatriði:

- hugmyndin um **þarfir**, aðallega grundvallarþarfir þeirra sem minna mega sín í heiminum og ættu að hafa forgang og
- hugmyndin um **takmarkanir** sem þar sem tækni og félagslegar skipulagsheildir setja umhverfinu skorður til að mæta þörfum samtímans og framtíðarinnar (World Commission on Environment and Development, 1987).

Skilgreiningin á hugtakinu sjálfbær þróun felur þó ekki eingöngu í sér að horft skuli til umhverfislegra þátta, heldur er kjarninn í sjálfbærri þróun samþætting félagslegra², vistfræðilegra³ og efnahagslegra⁴ þátta (McElroy og Potter, 2006). Þessa þrjá þætti þarf að skoða í samhengi þannig að leitast sé við að hámarka efnahagslega og félagslega velferð án þess að umhverfið verði fyrir skaða (Swarbrooke, 1999; Umhverfissráðuneytið, 2002).

Rannveig Ólafsdóttir (2007) hefur bent á að boðskapur sjálfbærrar þróunar sé skýr og samfara síaukinni neysluhyggju á vesturlöndum verði boðskapurinn stöðugt brýnni. Sjálfbær þróun virðist ekki lengur snúast bara um umhverfis- og náttúruvernd heldur einnig um náungann og samfélagið.

Skotveiðitengd ferðaþjónusta – nýsköpun í dreifbýli

Skotveiðar á Íslandi aukist á síðustu árum⁵. Bændur og landeigendur hafa ekki farið varhluta af þessari vaxandi eftirspurn eftir veiðum þar sem ásókn skotveiðimanna í

² Með félagslegum þáttum er átt við góð lífsskilyrði, möguleikum á að sjá fyrir sér og fjölskyldu sinni, réttur til húsnæðis, réttlæti, samstöðu og jafnrétti, lýðræði og rétt til atvinnu, góðra vinnuáðstæðna og öruggs vinnuumhverfis (World Commission on Environment and Development, 1987).

³ Með vistfræðilegum þáttum er átt við þá lífssýn að náttúran hafi gildi í sjálfu sér og skuli skilað í hendur komandi kynslóða, að þolmörk náttúrunnar séu viðurkennd, auðlindanýting takmörkuð og endurunnið og víðtæka viðurkenningu á varfærnisreglunni (World Commission on Environment and Development, 1987).

⁴ Með efnahagslegum þáttum er átt við að skapa verðmæti í fyrirtækjum og samfélagi ásamt efnahagsþróun og hagvexti sem er í jafnvægi við hina vistfræðilegu og félagslegu þætti (World Commission on Environment and Development, 1987).

⁵ Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra líffrískis og veiðistjórnunar Umhverfisstofnunar voru gefin út 10.421 veiðikort á árinu 2008 en það var aukning um 3,3% frá árinu á undan.

land þeirra hefur aukist. Jafnframt hefur skapast þörf fyrir frekara skipulag sem gefur svigrúm til að hámarka arð án ofnýtingar og um leið auðvelda aðgengi skotveiðimanna að landi til veiða. Þessi áhugi hefur m.a. orðið til þess að grundvöllur hefur skapast fyrir nýja grein í ferðaþjónustu, skotveiðitengda ferðaþjónustu (e. *hunting tourism*). Með skotveiðitengdri ferðaþjónustu er átt við þegar skotveiðimaður ferðast að heiman á önnur veiðisvæði, gjarnan erlendis, til þess að stunda skotveiðar. Það er ekki skilyrði að hann þekki veiðisvæðin eða bráðina á þeim svæðum. Félags- og/eða menningartengsl skotveiðimannsins við þau veiðisvæði eru misjafnlega sterk og fara væntanlega dvínandi því sem hann ferðast lengra frá heimkynnum sínum (European Charter on Hunting and Biodiversity, 2007:4).

Skotveiðitengd ferðaþjónusta sem byggist á sjálfbærni er mannaflafrek og getur stuðlað að fjölbreytni í atvinnulífi og tekjuöflun í dreifbýli og þannig styrkt hagkerfið á tilteknu svæði. Bent hefur verið á að skotveiðimenn (ferðamenn) geti haft jákvæð áhrif á samfélög í dreifbýli þannig að þeir geti viðhaldið þeirri samfélagskennd (e. *sense of community*) sem hefur þróast í samfélaginu í gegnum tíðina (Gunnarsdotter, 2006). Þrátt fyrir að skotveiðin sé aðaltilgangur ferðar skotveiðimannsins er hann jafnframt líklegur til að nýta sér annars konar þjónustu á viðkomandi svæði. Þeir skotveiðimenn sem ferðast langt að eru almennt viljugri til að greiða meira fyrir veiðiuþplifanir heldur en þeir heimamenn sem stunda skotveiði (Lovelock og Robinson, 2005). Þeir eru jafnframt líklegir til að kaupa þjónustu í tengslum við veiðarnar s.s. í formi leiðsagnar (European Charter on Hunting and Biodiversity, 2007). Skotveiðimenn eru einnig líklegir til að nýta sér einhvers konar samgöngutæki til að komast til og frá innan svæðis, jafnvel kaupa gistingu, matvöru, aðra afþreyingu eða annars konar þjónustu í nágrenni við hans veiðisvæði.

Ef rétt er farið að getur skotveiðitengd ferðaþjónusta verið hvatning fyrir samfélög í dreifbýli til að varðveita náttúru- og dýralíf á viðkomandi svæði. Sé skipulagning skotveiðarinnar hins vegar ekki byggð á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er hættu á að neikvæðra áhrifa verði vart t.d. með ofnýtingu dýrastofna og mikils ágangs á náttúruna. Slíkt getur valið togstreitu milli heimamanna og skotveiðimanna.

Á Íslandi er skotveiðitengd ferðaþjónusta sem byggist á sjálfbærni talin hafa mikla vaxtarmöguleika. Nú þegar er kominn vísir að ferðaþjónustu í tengslum við skotveiðar og sjá margir frumkvöðlar í ferðaþjónustu þar aukin atvinnutækifæri á næstu misserum. Skotveiðitengd ferðaþjónusta er t.a.m. talin hafa mikla vaxtarmöguleika á Austurlandi (Hjördís Sigursteinsdóttir o.fl., 2007). Þar er löng hefð fyrir skotveiði og hefur hún ekki síst þróast í kringum hreindýraveiðarnar sem eru einstakar fyrir landshlutann. Samhliða því hafa umsvif ferðaþjónustunnar í kringum veiðarnar aukist. Hreindýraveiðimenn eru skyldugir til að vera í fylgd með leiðsögumanni við veiðarnar en jafnframt má búast við aukinni veltu í landshlutanum vegna þeirrar þjónustu sem veiðimaðurinn kaupir, s.s. vegna gistingu, fæðis, ferða til, frá og innan svæðis sem og annarrar afþreyingar og/eða þjónustu sem veiðimaðurinn nýtir sér. Skotveiðitengd ferðaþjónusta er þó ekki einvörðungu bundin við hin austfirsku hreindýr. Víðsvegar um landið hafa aðilar verið að hasla sér völl á þessu sviði og bjóða upp á ferðaþjónustu í tengslum við skotveiði á annarri villibráð en hreindýrum. Má þar t.a.m. nefna Stöng í Mývatnssveit, Mjóeyri ehf. og Adventura á Djúpvaggi⁶.

Nýleg viðtalskönnun⁷, sem gerð var meðal skotveiðimanna og annarra hagsmunaaðila um þróun skotveiðitengdrar ferðaþjónustu á Íslandi, bendir til þess að hópur íslenskra

⁶ Sjá www.stong.is, www.mjoeyri.is og www.adventura.is.

⁷ Öbirtar niðurstöður úr verkefninu North Hunt

veiðimanna á erfiðara með að finna sér ákjósanleg veiðisvæði en áður. Jafnframt bendir könnunin til þess að hópur íslenskra veiðimanna nýtir sér ýmsa þjónustubætti í tengslum við skotveiðarnar (s.s. gistingu og/eða leiðsögn) og þeir sem ekki hafa gert það lýstu yfir áhuga á því. Svigrúm er til að taka á móti erlendum skotveiðimönnum sem hafa hug á því að koma til Íslands og stunda skotveiðar. Kannanir hafa sýnt að flestir skotveiðimenn sem hingað hafa komið í skotveiði komu frá Bandaríkjunum, Kanada og Suður-Evrópu (Hjördís Sigursteinsdóttir o.fl., 2007). Þrátt fyrir að fjöldi erlendra skotveiðimanna sé ekki ýkja mikill (u.þ.b. 80-100 manns á ári) er hann þó til marks um hvaða erlenda markaði væri hægt að þróa frekar. Einnig er bundnar vonir við að hægt sé að fá skandínavíska skotveiðimenn til Íslands og veiða villibrað sem ekki er hægt að veiða á hinum Norðurlöndunum.

North Hunt verkefnið

Það er mikilvægt að frumkvöðlar í skotveiðitengdri ferðaþjónustu nýti viðskiptatækifærin á hagkvæman hátt án þess að stofna sjálfbærni lífríkisins í hættu. Ef veiðar sem viðskiptatækifæri byggjast ekki á sjálfbærni er mikil hættu á að þær gangi á dýrastofna og landið verði fyrir skaða vegna of mikils ágangs eins og komið hefur verið inná. Það er því lykilatriði að festa vistfræðileg viðmið í sessi strax í upphafi og að viðhafðir séu góðir starfshættir. Eina leiðin til að sýna fram á nauðsyn og tryggja vistfræðilega sjálfbærni er að til séu skýrar leiðbeiningar um góða starfshætti sem byggjast á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og traustum upplýsingum. Jafnframt að slíkar leiðbeiningar verði unnar í sátt og samlyndi með frumkvöðlum í skotveiðitengdri ferðaþjónustu.

North Hunt verkefnið, Sustainable Hunting Tourism in Northern Europe eða Þróun sjálfbærrar skotveiðitengdrar ferðaþjónustu – viðskiptatækifæri á norðurslóðum eins og það er kallað á íslensku, er 3ja ára samnorraent verkefni sem lýtur að rannsóknum og þróun sjálfbærrar skotveiðitengdrar ferðaþjónustu í þátttökulöndunum fimm, Íslandi, Finnlandi, Svíþjóð, Skotlandi og Kanada. Markmið þess er m.a. að efla starfsumhverfi frumkvöðla í atvinnugreininni og draga úr hindrunum sem mæta þeim án þess að minnka kröfur um sjálfbærni og umhverfisvænar veiðar. Í verkefninu er lögð er áhersla á félagslega, vistfræðilega og efnahagslega sjálfbærni.

North Hunt verkefninu er ætlað að:

- Þróa sjálfbæra og samkeppnishæfa viðskiptahugmynd sem byggir á veiðihefðum norðurslóða.
- Þróa starfsumhverfi fyrirtækja til að draga úr hindrunum sem mæta frumkvöðlum í þessari grein án þess að minnka kröfur um sjálfbærni og umhverfisvænar veiðar.
- Efla samvinnu ólíkra hagsmunaaðila innan landa sem og milli landa um þróun skotveiðitengdrar ferðaþjónustu, s.s. landeigenda, veiðimanna, stofnana og ferðaþjónustuaðila.
- Efla samvinnu ferðaþjónustuaðila milli landa og innanlands.
- Þróa norrænt „vörumerki“ (e. *concept*) fyrir veiðar á norðurslóðum.
- Vinna fræðsluefni sem nýtist til framtíðar um þróun og uppbyggingu skotveiðitengdrar ferðaþjónustu.

Til þess að efla megi nýsköpun í skotveiðitengdri ferðaþjónustu er nauðsynlegt að vinna skipulega að upplýsingaöflun og þróunarstarfi þar sem tvinnuð verður saman

hlutlæg vísindabekking á sviði vistfræði, viðskipta- og markaðsfræði, sem og sérþekking á sviði þróunar- og fræðslustarfs (verkefnastjórnun/áætlanagerð). Í þessu samhengi geta háskólastofnanir lagt mikið af mörkum. Með því að finna rannsókn- og þróunarstarfi, eins og því sem hér hefur verið lýst farveg í gegnum alþjóðlegt samstarfsverkefni er einnig stuðlað að því að reynsla og þekking á viðkomandi sviði nýtist milli landa. Verkefni sem þetta er einnig vel til þess fallið að vekja athygli á ónýttum tækifærum innan viðkomandi greinar sem geta leitt til atvinnusköpunar í dreifbýli.

North Hunt verkefnið fékk styrk upp á 1.1 milljón evra úr Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins á tímabilinu 2008-2010. Að verkefninu standa háskólar, rannsóknastofnanir, ríkisstofnanir og fyrirtæki og vinna þau í nánu sambandi við frumkvöðla í skotveiðitengdri ferðaþjónustu ásamt ýmsum hagsmunahópum. Rannsóknir í tengslum við hina þrjú sjálfbærni eru komnar vel á veg, þegar hafa verið myndaðir starfshópar, bæði meðal hagsmunaaðila og frumkvöðla í skotveiðitengdri ferðaþjónustu en þeirra þátttaka er afgerandi fyrir árangur verkefnisins.

Helsti ávinningur starfandi fyrirtækja í skotveiðitengdri ferðaþjónustu af þátttöku í verkefni sem þessu er:

- tækifæri til að hafa áhrif á þróun atvinnugreinarinnar
- vinna með öðrum fyrirtækjum innanlands á sama sviði
- vinna með öðrum fyrirtækjum erlendis á sama sviði
- aðgengi að reynslu og þekkingu
- aðgengi North Hunt vörumerkinu sem stendur fyrir góða viðskiptahætti og sjálfbærni
- aðgengi að erlendum mörkuðum
- aðgengi að markaðsupplýsingum
- aðgengi að fræðslu- og kynningarefni

Næstu skref

Á næstu mánuðum mun fara fram kynning á verkefninu og boðskap þess um góða viðskiptahætti og sjálfbærni í skotveiðitengdri ferðaþjónustu. Einnig mun efling samstarfs við hagsmunaaðila og tengslaneta eiga veigamikinn sess í áframhaldandi vinnu. Ljóst er að það er mikilvægt að frumkvöðlar í skotveiðitengdri ferðaþjónustu nýti sér viðskiptatækifærin á hagkvæman hátt án þess að lífríki og náttúru sé ógnað með óhóflegum ágangi. Taka þarf mið af hefðum og staðbundinni þekkingu ásamt rannsóknnum við ákvarðanatöku um skotveiði og nýtingu villibráðar. Til þess að þetta geti byggt á sterkum grunni er þörf á viðamikilli gagnaöflun um stöðu greinarinnar út frá hinum þremur þáttum sjálfbærni. Rannsóknir á sviði skotveiðitengdrar ferðaþjónustu sem og aðgengi að nytsömum upplýsingum hafa hingað til verið af skornum skammti. North Hunt verkefnið mun gefa af sér niðurstöður rannsókna á sviði félagsfræði, hagfræði og vistfræði sem munu hafa hagnýtt gildi í sjálfbærri þróun og nýtast beint til þróunar innan greinarinnar í átt að sjálfbærni.

Frumkvöðlar í skotveiðitengdri ferðaþjónustu hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og sjá sér hag í að taka þátt í því. Það standa því vonir til að samstarf við frumkvöðla muni auka gildi og gagnsemi þess.

Heimildir

Egill J. Stardal, 2003. *Byssur og skotfimi*. Ísöld ehf., Reykjavík

European Charter on Hunting and Biodiversity, 2007. Convention on the conservation of European wildlife and natural habitats, Strasbourg 26-29 November 2007.

Gunnarsdóttir, Y., 2006. Hunting Tourism as Ecotourism: Conflicts and Opportunities. Í: *Ecotourism in Scandinavia. Lesson sin theory and pratice* (ritstj. Gössling, S. Og Hultman, J.). CABI, Cambridge, bls. 178-192.

Hjördís Sigursteinsdóttir, Edward H. Huijbens, Áki Ármann Jónsson, Ólöf Harpa Jósefsdóttir, Emil Björnsson, 2007. Hunting and hunting tourism in Iceland – country overview. Í: *Sustainable Hunting Tourism – Business Opportunities in Northern Areas?* (ritstj. Matilainen, A.) . Ruralia Institute, University of Helsinki, bls. 48-56.

Lovelock, B. og Robinson, K. 2005. Maximizing economic returns from consumptive wildlife tourism in peripheral areas: White-tailed deer hunting on Stewart Island/Rakiura, New Zealand. Í: *Nature-based tourism in peripheral areas. Development or disaster?* (ritstj. Hall, C.M. og Boyd, S.). Channel View Publications, Clevedon, 151-172.

McElroy, J.L. og Potter, B., 2006. Sustainability issues: Í *Extreme tourism: Lessons from the world's cold water islands* (ritstj. Baldacchino, G.). Elsevier, Oxford, bls. 31-40.

Rannveig Ólafsdóttir, 2007. Umhverfisstjórnun – tæki til sjálfbærrar ferðaþjónustu? Í: *Rannsóknir í félagsvísindum VIII* (ritstj. Ingjaldur Hannibalsson). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. bls. 379-394

Swarbrooke, J., 1999. *Sustainable tourism management*. CABI Publishing, Cambridge.

Umhverfiráðuneytið, 2002. *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. Umhverfiráðuneytið, Reykjavík

World Commission on Enviroment and Development (WCED), 1987. *Our common future*. Oxford University Press, Oxford.